

Álit um stöðu sveitarfélaga með undir 250 íbúa

Innviðaráðuneyti / 12.5.2023 13:46

Álit um stöðu sveitarfélaga með undir 250 íbúa

Ef íbúafjöldi í sveitarfélaga er undir 250 við sveitarstjórnarkosningar árið 2022 eða 1.000 við sveitarstjórnarkosningar árið 2026 ber sveitarstjórn hefja formlegar sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög eða skila álitum til innviðaráðuneytis um stöðu og getu sveitarfélagsins til þess að sinna lögbundnum verkefnum innan árs frá sveitarstjórnarkosningum. Með hliðsjón af því er þess farið á leit að sveitarstjórn veiti eftirfarandi álit í samræmi við umbeðnar upplýsingar ráðuneytisins. Óskað er eftir að álitid berist ráðuneytinu eigi síðar en 14. maí 2023.

Sveitarfélag

Heiti sveitarfélags

Reykholahreppur

Vinsamlega veljið nafn sveitarfélags í flettistiku til að fá fram upplýsingar um aldursdreifingu og kyn íbúa til samanburðar við meðaltal á landinu öllu.

Hverjar eru horfur innan sveitarfélagsins hvað varðar fjölgun/fækkun íbúa til ársins 2040?

Mannfjöldaþróunin hefur verið sveiflukennd milli ára og milli ársfjórðunga eins og jafnan er í fámennari byggðalögum, þar sem aðflutningur og brottflutningur hver einstaklings eða fjölskyldur vegur hlutfallslega þungt. Meðalfjölgun á ári (0,3%) og jafnframt 0,5% og 1% árleg fjölgun. Miðað við þær forsendur myndi fjölga um 8 - 23 manns á næstu átta árum. Vísað í Húsnæðisáætlun Reykholahrepps 2023.

Hverjir eru veigamestu áhrifaþættirnir í þessari þróun?

Stækkun Þörungaverksmiðjunar, Norðursalts, tilkomu Þaramiðstöðvar Íslands og verkefnis um græna iðngarða, hringrásarsamfélagið Reykhóla. Einnig er von okkar að sjávarböðin komi upp á allra næstu misserum en þar er gert ráð fyrir hóteli.

ATVINNA og HÚSNÆÐI

Atvinnulíf – fjöldi starfa, atvinnuleysi, laus störf, áform um uppbyggingu/fjölgun starfa til ársins 2040.

Flest ársverk eru í landbúnaði í sveitarfélaginu. Störf við opinbera þjónustu, einkum Reykholaskóla og Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð hafa mikið vægi í atvinnulífinu. Tæp. 60 manns starfa hjá sveitarfélaginu. Aðrir mikil vægir vinnustaðir eru Þörungaverksmiðja og Norðursalt. Já Þörungaverksmiðjunn starfa um 20 manns á ársgrundvelli. Lítið sem ekkert atvinnuleysi er í sveitarfélaginu. Vöntun hefur verið á starfsfólki hjá Reykholahreppi og hjá Þörungaverksmiðjunni. Ekki hefur fengist fólk til starfa vegna húsnæðisskorts. Í desember 2021 voru 2 störf í auglýsingu hjá sveitarfélaginu og 1 starf hjá Þörungaverksmiðjunni. Viðvarandi vöntun á starfsfólki hefur verið í Norðursalti og hjá sveitarfélaginu.

Íbúðir – framboð, eftirspurn, lausar íbúðir, áform um byggingu til ársins 2040.

164 íbúðir eru í sveitarfélaginu. Í bígerð er bygging tveggja fjögurra íbúða raðhúss á Reykhólum, alls 8 íbúðir, þá hefur Þörungaverksmiðjan í huga byggingu fjögurra lítilla íbúða. Alls 12 íbúðir. Sala íbúða hefur gengið vel síðast liðið ár, enda vöntun á húsnæði. Uppsöfnuð íbúðapörf skv. miðspá í Húsnæðisáætlun 2023 er 25 íbúðir árið 2032

SÉRSTAÐA SVEITARFÉLAGSINS

Almenn einkenni/áhersla í sveitarfélaginu.

Almenn einkenni/áhersla í sveitarfélaginu. Sérstaða á sviði atvinnulífs, menningar, lífshátta.

Til stranda nær Reykhólahreppur frá Kjálkafirði í vestri til Gilsfjarðar í austri. Á milli þessara tveggja fjarða liggja 11 firðir: Kerlingarfjörður, Mjóifjörður, Vattarfjörður, Skálmarfjörður, Kvígindisfjörður, Kollafjörður, Gufufjörður, Djúpihfjörður, Þorskafjörður, Berufjörður, og Króksfjörður. Strandlengja sveitarfélagsins er því mjög löng og úti fyrir henni eru ótal

sker, hólmar og smáeyjar sem gefur henni mikla sérstöðu. Flatey er stærst eyjanna og sú eina með fasta búsetu.

Sérstaða atvinnulífs í Reykhólahreppi eru hreinar auðlindir. Hér eru unnar vörur úr sjó, m.a. þang og þari og heitt vatn notað til að eima og þurrka vöru. Hér er hreint svæði í landbúnaði og líflömb seld af svæðinu.

Samfélagsleg sérstaða.

Íbúafjöldi Reykhólahrepps frá árinu 2008 hefur verið á milli 270 til 290 manns. Þróunin hefur verið nokkuð sveiflukennd milli ára eins og jafnan er í fámennari byggðarlögum, þar sem aðflutningur eða brottflutningur hvers einstaklings eða fjölskyldu vegur hlutfallslega þungt.

Þann 1. janúar 2023 voru íbúar í sveitarfélaginu 242 og bjuggu 114 þeirra á Reykhólum, 120 í dreifbýlinu, og 8 íbúar í Flatey. Íbúðarbyggðin skiptist því til helminga á milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Í Reykhólahreppi býr frekar ungt fólk, því hefur fjöldi barna í leik- og grunnskóla verið góður

Fáir erlendir ríkisborgarar búa í sveitarfélaginu.

Landfræðileg sérstaða, t.a.m. náttúruvá.

Ofanflóð

Vitað er um að á ýmsum svæðum er nokkur hættu vegna snjóflóða og

skriðufalla. Þekkt snjóflóðasvæði eru í bröttum hlíðum s.s. Gilsfirði,

Reykjanesi og vesturhlíðum Þorskafjarðar. Ljóst er að mörg snjóflóð

hafa fallið í dreifbýli Reykhólahrepps. Í svari Veðurstofunnar við

fyrirspurn um náttúruvá í sveitarfélaginu kom fram að gert hefur verið

hættumat fyrir Grund í Reykhólasveit fyrir lóð fyrirhugaðs íbúðarhúss í

landinu. Þá hafa ofanflóðaaðstæður verið kannaðar við Miðjanes, en þar

hefur ekki verið gert formlegt hættumat. Staðbundið hættumat hefur

einnig verið unnin fyrir eigendur að jörðunum Kirkjubóli og Dal við

Kvígindisfjörð vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar.

Landbrot

Sífelld fjölgar vísbendingum um að breytingar á loftslagi séu í vændum.

Skipulag þarf að taka tillit til aukinna öfga í veðurfari og áhrif þeirra á rof,

mannvirki og innviði. Landbrot hefur orðið vegna ágangs sjávar á

norðurenda Flateyjar. Til að sporna við rofi er ráðgerð sjónvörn við gamla

þorpið.

Loftslagsbreytingar

Gera má ráð fyrir breytingum í veðurfari, s.s. auknum veðurofsa, á næstu

FJÁRHAGSLEG VIÐMIÐ - A-HLUTI

Heiti sveitarfélags

Reykholahreppur

Vinsamlega veljið viðeigandi sveitarfélag í flettistiku, yfirfarið og færið inn athugasemdir og ábendingar í athugasemdaskvæðið að neðan ef þörf er á.

Athugasemdir vegna forskráðra upplýsinga um fjárhag sveitarfélagsins

LÖGBUNDIN VERKEFNI

Íslensk sveitarfélög bera ábyrgð á hátt á áttunda tug lögbundinna verkefna. Vinsamlega gerið grein fyrir því hvort neðangreind lögbundin verkefni eru á hendi:

Sveitarfélagsins sjálfs,
annars sveitarfélags sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga,
byggðasamlags sbr. 93. - 95. gr. sveitarstjórnarlaga, eða,
eru unnin á grundvelli annars konar samvinnu, t.d. á grundvelli samstarfssamnings sbr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga eða annarrar lögbundinnar samvinna.
Verkefnið eigi ekki við, t.a.m. vegna legu sveitarfélagsins.

Með því að færa tölvubendil yfir spurningamerkið () er hægt að kalla fram viðeigandi lög með nánari upplýsingum um viðfangsefni.

FJÖLSKYLDA, VELFERÐ OG JAFNRÉTTI

FÉLAGSÞJÓNUSTA	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð
FJÁRHAGSAÐSTOÐ	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð
FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð
MÁLEFNI ALDRAÐRA	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð
MÁLEFNI FÓLKS MEÐ FÖTLUN	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Vestfirðir allir (BsVest)
STUÐNINGSPJÓNUSTA	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð
VÍMUVARNIR OG AÐSTOÐ VIÐ EINSTAKLINGA MEÐ FÍKNIVANDA	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð
AÐSTOÐ VIÐ ERLENDA RÍKISBORGARA	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð
TÚLKAÞJÓNUSTA	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð
JAFNRÉTTISMÁL	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Félagsþjónusta, fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf

Málefni aldraðraMálefni fólks með fötlun

StuðningsþjónustaVímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivandaAðstoð við erlenda

ríkisborgaraTúlkajónustaJafnréttismál

Þjónusta sveitarfélagsins

Sveitarfélagið rekur Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla í samvinnu við Árneshrepp, Kaldrananeshrepp og Strandabyggð. Þar er félagsmálastjóri í 100% starfshlutfalli og iðjuþjálfari í 60%. Um 20 launþegar eru á skrá, margir hverjir í lágu starfshlutfalli.

Málefni fatlaðra eru á ábyrgð Byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks sem rekið er af öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum. Úrvinnsla fyrir einstaklinga er á vegum Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla sem telst þjónustusvæði. Í tengslum við Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps er rekin sameiginleg velferðarnefnd sem ákveður þjónustu og er bakland félagsmálastjóra.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Sveitarfélagið á fulltrúa í velferðarnefnd, allar samþykkir koma til sveitarfélagsins til afgreiðslu.

Sveitarfélagið hefur áhrif á BsVest með fulltrúa í stjórn og á aðalfundum. En málefni einstaklinga hljóta faglega meðferð.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Það að reka félagsþjónustu sem deild hjá öflugum sveitarfélagi myndi minnka allt flækjustig og skýra ábyrgð frekar.

HÚSNÆÐISMÁL

LÖGBUNDIN VERKEFNI Á SVIÐI HÚSNÆÐISMÁLA	Sveitarfélagið
SÉRSTAKUR HÚSNÆÐIS-STUÐNINGUR	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?
Lögbundin verkefni á sviði húsnæðismála
Sérstakur húsnæðisstuðningur

Þjónusta sveitarfélagsins

Húsnæðisnefnd er starfandi í sveitarfélaginu og fer hún m.a. með úthlutun á húsnæði í eigu sveitarfélagsins. Félagspjónusta Stranda og Reykhóla sér um úthlutun sérstaks húsnæðisstuðnings eftir samþykktum reglum.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Sveitarfélagið á fulltrúa í velferðarnefnd, allar samþykktir koma á borð sveitarfélagsins til afgreiðslu.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Það að reka félagsþjónustu sem deild hjá öflugum sveitarfélagið myndi minnka allt flækjustig og skýra ábyrgð frekar.

BÖRN OG FRÍSTUNDIR

LEIKSKÓLAR	Sveitarfélagið
FRÆÐSLUSKRIFSTOFA	Sveitarfélagið
GRUNNSKÓLAR	Sveitarfélagið
FRÍSTUNDAHEIMILI	Sveitarfélagið
MÁLEFNI BARNNA OG UNGMENNA	Sveitarfélagið
ÞJÓNUSTA VIÐ UNGLINGA	Sveitarfélagið
ÆSKULÝÐSMÁL	Sveitarfélagið
ALMENNINGSBÓKASÖFN	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Leikskólar

Fræðsluskrifstofa, grunnskólar

Frístundaheimili

Málefni barna og ungmenna

Þjónusta við unglunga

Æskulýðsmál

Almenningsbókasöfn

Þjónusta sveitarfélagsins

Reykhólaskóli er samrekin grunn- og leikskóli með tónlistadeild. Þar eru um 40 nemendur. Sveitarfélagið er einnig aðili að tilraunaskólanum Skóli í skýjunum þar sem um 49 nemendur af öllu landinu. Málefni beggja skóla koma til afgreiðslu í menntamálanefnd.

Fræðsluskrifstofa er keypt þjónusta hjá Tröppu ehf.

Mikið og gott æskulýðsstarf er rekið af sveitarfélaginu, þar er tórstundafulltrúi í 70% starfi og tveir starfsmenn að auki í svipuðu starfshlutfalli. Tórstundafulltrúi kemur að lengri viðveru í Reykhólaskóla, rekur félagsmiðstöðina Skrefið og æskulýðs- og tórstundastarf bæði fyrir börn og fullorðna.

Sveitarfélagið rekur héraðs- og skólabókasöfn. Reykhólaskóli sér um að veita því forstöðu.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

MANNVIRKJA- OG SKIPULAGSMÁL

FASTEIGNAMAT	Sveitarfélagið
EFTIRLIT MEÐ MANNVIRKJAGERÐ OG LEYFISVEITINGAR	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Byggðasamlag um skipulags- og byggingafulltrúa.
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Byggðasamlag um skipulags- og byggingafulltrúa.
FRAMKVÆMD UMHVERFISMATS	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Byggðasamlag um skipulags- og byggingafulltrúa.
SKIPULAGSMÁL	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Byggðasamlag um skipulags- og byggingafulltrúa.
VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Byggðasamlag um skipulags- og byggingafulltrúa.
SAMRÁÐ VIÐ FÉLÖG Í FRÍSTUNDBYGGÐ	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?
Fasteignamat, eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar
Framkvæmd umhverfismats, skipulagsmál
Verndarsvæði í byggð
Samráð við félög í frístundabyggð

Þjónusta sveitarfélagsins

Sveitarfélagið rekur Byggðasamlag um skipulags- og byggingafulltrúa, þar sem starfa tveir fulltrúar, báðir í 100% starfi. Sveitarfélagið er með sína eigin skipulagsnefnd og fjallar hún um og afgreiðir öll mál, en fulltrúum er falin afgreiðslan skv. samþykktum nefndarinnar.

Sveitarfélagið sinnir sjálft samráði við félög í frístundabyggð, þar er stærst samráð við Framfarafélag Flateyjar.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Allar ákvarðanir eru teknar í nefnd sveitarfélagsins.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Helst hvað varðar mannauðsmál, en þau fara fram í stjórn byggðasamlagsins og á Reykhólahreppur fulltrúa í henni.

ÖRYGGISMÁL

ALMANNAVARNIR	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Samstarf við Árneshrepp, Kaldrananeshrepp og Strandabyggð um sameiginlega almannavarnanefnd.
BRUNAVARNIR OG BRUNAMÁL, Þ. Á M. SLÖKKVILIÐ	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Strandabyggð og Dalabyggð
SJÓVARNIR	Sveitarfélagið
VARNIR GEGN SNJÓFLÓÐUM OG SKRIÐUFÖLLUM	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Almannavarnir

Brunavarnir og brunamál, þ.á m. slökkvilið

Sjóvarnir

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

Þjónusta sveitarfélagsins

Þessa dagana er verið að sameina almannavarnanefndir Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar til þess að efla þær.

Sveitarfélagið rekur Byggðasamlag um slökkviliðsstjóra og er með slökkviliðsstjóra í 100% starfi og sinnir hann forstöðu slökkviliða sveitarfélaganna og eldvörnum.

Slökkviliðið er deild hjá sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið er í samvinnu við siglingasvið Vegagerðarinnar hvað varðar sjóvarnir, en nokkuð rof er í Flatey.

Skipulagsnefnd fer með málefni varðandi varnir gegn snjóflóðum og skriðuvörnum.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Sveitarfélagið á fulltrúa í stjórn Byggðasamlags um slökkviliðsstjóra.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Það að reka slökkviliðsstjóra hjá öflugum sveitarfélagi myndi minnka allt flækjustig og skýra ábyrgð frekar.

UMHVERFISMÁL, DÝRAHALD O.FL.

SÖFNUN OG MEÐFERÐ ÚRGANGS OG SORPS	Sveitarfélagið
LANDGRÆÐSLA	Á ekki við
Skýring	Höfum ekki rætt um landgræðslu.
HEILBRIGÐISEFTIRLIT	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Starfar á vegum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.
DÝRAVERND OG DÝRAVELFERÐ.	Sveitarfélagið
MEINDÝRAEYÐING ,DÝRAEFTIRLIT	Sveitarfélagið
VARNARLÍNUR VEGNA BÚFJÁRSJÚKDÓMA	Á ekki við
Skýring	Er á vegum MAST
FJALLSKIL	Sveitarfélagið
FRÁVEITUR	Sveitarfélagið
VATNSVEITUR	Sveitarfélagið
ÝMIS VERKEFNI Á SVIÐI NÁTTÚRUVERNDAR	Sveitarfélagið
MENGUNARVARNIR	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Söfnun og meðferð úrgangs og sorps

Landgræðsla

Heilbrigðiseftirlit

Dýravernd og dýravelferð

Meindýraeyðing, dýraeftirlit

Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma

Fjallskil

Fráveitur

Vatnsveitur

Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar

Mengunarvarnir

Þjónusta sveitarfélagsins

Sveitarfélagið kaupir þjónustu af Íslenska gámafélaginu vegna sorphirðunar og flokkunar. Full flokkun er við hvert íbúðarhús í sveitarfélaginu.

Heilbrigðiseftirlitið starfar á vegum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

Nokkrir veiðimenn erum með samning við sveitarfélagið um grenjavinnslu og minkaveiði, áhaldahús er með ábyrgð á hunda- og kattahaldi skv. samþykkt sveitarfélagsins.

Fráveitukerfi þéttbýlisins endar í rotþróm sem eru losaðar á tveggja ára fresti af Hreinsitækni.

Sveitarfélagið rekur eigin vatnsveitur og ljósleiðara í dreifbýli, sem sveitarfélagið sá sjálft um að leggja í verkefninu Ísland ljóstengt.

Sveitarfélagið hefur falið slökkviliði viðbrögð við mengun og er mengunarvarnarbúnaður í höfnum, bæði á Reykhólum og í Flatey. Gerður hefur verið samningur við Strandabyggð um lán á frekari búnaði ef til þess kæmi.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Sveitarfélagið hefur áhrif í gegnum heilbrigðisnefnd, allar samþykktir koma til afgreiðslu í sveitarstjórn.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Samvinna um heilbrigðiseftirlit gæti verið að því góða, því viss fjarlægð embættismanna er af hinu góða, þar sem sveitarfélögin eru stærstu viðskiptavinir.

FRAMKVÆMDIR

GATNAGERÐ	Sveitarfélagið
LAGNING OG VIÐHALD VEGA OG STÍGA	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Gatnagerð

Lagning og viðhald vega og stíga

Þjónusta sveitarfélagsins

Sveitarfélagið skipuleggur gatnagerð innan þéttbýlisins og heldur við götum sem eru innan þess og ekki tilheyra Vegagerðinni.

Sveitarfélagið sækir um styrkvegafé til Vegagerðarinnar til að halda við vegum í sveitarfélaginu sem ekki eru lengur á vegaskrá en þjóna hlutverki vegna að sumarhúsabyggð eða tengjast fjallskilum.

Sveitarfélagið hefur lagt stíga innan þéttbýlisins og heldur þeim við.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

VERKEFNI SEM SVEITARFÉLÖGUM ER HEIMILT AÐ SINNA

Eftirfarandi eru algeng verkefni sem sveitarfélögum er heimilt að sinna en ber ekki skylda til, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga. Vinsamlega gerið grein fyrir því hvort og hvernig sveitarfélagið sinnir eftirfarandi verkefnum.

ALMENNINGSAMGÖNGUR	Sveitarfélagið
REKSTUR HITAVEITU	Engin starfsemi
HOLRÆSAMÁL	Sveitarfélagið
MENNINGARSTYRKIR	Engin starfsemi
REKSTUR SAFNA	Í samvinnu
REKSTUR NÁTTÚRUSTOFU	Engin starfsemi
REKSTUR RAFMAGNSVEITNA	Engin starfsemi
REKSTUR DAGDVALAR FYRIR ALDRAÐA	Engin starfsemi
REKSTUR TÓNLISTARSKÓLA	Engin starfsemi
FRÍSTUNDASTYRKIR	Sveitarfélagið
FRÍSTUNDAHÚS	Sveitarfélagið
REKSTUR SUNDLAUGA	Sveitarfélagið
KYNNINGARSTARFSEMI	Í samvinnu
FERÐAMÁLAPJÓNUSTUNA	Í samvinnu
REKSTUR ÍPRÓTTAMANNVIRKJA	Sveitarfélagið
ÍPRÓTTAPJÓNUSTA	Engin starfsemi
NÝSKÖPUNARSTYRKIR	Engin starfsemi

Hvernig er verkefnum/þjónustu að ofangreindu tagi sinnt? (stutt greinargerð fyrir hvert verkefni)

Hér er bæði vísað í verkefni á listanum og hugsanleg önnur ólögbundin verkefni.

[Almenningssamgöngur](#)

[Rekstur hitaveitu](#)

[Holræsamál](#)

[Menningarstyrkir](#)

[Rekstur safna](#)

[Rekstur náttúrustofu](#)

[Rekstur rafmagnsveitna](#)

[Rekstur dagdvalar fyrir aldraða](#)

[Rekstur tónlistarskóla](#)

[Frístundastyrkir](#)

[Frístundahús](#)

[Rekstur sundlauga](#)

[Kynningarstarfsemi](#)

[Ferðamálaþjónusta](#)

[Rekstur íþróttamannvirkja](#)

[Íþróttapjónusta](#)

[Nýsköpunarstyrkir](#)

Ólögbundin verkefni

Sveitarfélagið hefur fengið styrki til að halda úti almenningssamgöngum vegna æskulýðsstarfs og er það tímabundinn styrkur til þriggja ára.

Sveitarfélagið veitir frístundastyrk til barna 18m - 18 ára. Allir íbúar geta fengið styrk vegna kaupa á árskortum í Grettislaug og nemur styrkurinn sömu upphæð og gjald fyrir árskort.

Sveitarfélagið rekur B- hluta fyrirtæki Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð, þar eru 12 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými, en ekki er starfandi dagvist ennþá.

Sveitarfélagið rekur félagsmiðstöðina Skrefið og er tómsfundulltrúi í forsvari fyrir það. Sveitarfélagið rekur Grettislaug og er hún opin allt árið.

Kynningamál og ferðaþjónusta er haldið úti á vegum Vestfjarðarstofu.

Orkubú Vestfjarða rekur hitaveitu og rafveitu.

Reykhólahreppur rekur B- hluta fyrirtæki Reykhólaveitur, þar eru vatnsveitur og vatnsból, fráveitur og ljósleiðari í dreifbýli.

Tekur sveitarfélagið þátt í rekstri fyrirtækja? Ef svo er, með hvaða hætti?

Lýsing

B-hluta fyrirtækjanna Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð, Reykhólaveitur, Hafnarsjóður, Leiguíbúðir.

Paramiðstöð Íslands hf. í samvinnu með Þörungaverkmiðjunni

Paraklaustur ehf. í samvinnu við Þörungaverkmiðjuna.

Báta- og hlunnindasýninguna í samvinnu með Æðarvé og Félags um bátasafn á Breiðafirði.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnið samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

LÖGBUNDNAR STEFNUR, ÁÆTLANIR OG SAMÞYKKTIR

Hefur sveitarfélagið sett sér jafnréttisáætlun?	Já
Hvenær tók áætlunin gildi?	13.01.2022
Hefur sveitarfélagið sett sér húsnæðisáætlun?	Já
Hvenær tók áætlunin gildi?	01.01.2023
Hefur sveitarfélagið samþykkt aðalskipulag?	Já
Hvenær tók skipulagið gildi?	04.12.2008
Hefur sveitarfélagið sett sér samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins?	Já
Hvenær tók samþykktin gildi?	03.07.2013
Hefur sveitarstjórn sett sér siðareglur?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	12.12.2013
Hefur sveitarfélagið sett sér málstefnu ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Hefur ekki sett það í forgang.
Hefur sveitarfélagið sett sér byggðastefnu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Mikið af stefnum eru falnar í svæðisskipulagi og aðalskipulagi.
Hefur sveitarfélagið samþykkt viðbragðsáætlun almannavarnanefndar?	Nei
Hvers vegna ekki?	Er verið að vinna á vegum Almannavarnarsviðs lögreglustjóra.
Hefur sveitarfélagið sett sér brunavarnaráætlun?	Já
Hvenær tók áætlunin gildi?	25.05.2022
Hefur sveitarfélagið sett sér loftslagsstefnu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Unnið er að verkefninu hringrásarsamfélagið í Reykhólahreppi, þar verður stefnan til.
Hefur sveitarfélagið sett sér samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu?	Já
Hvenær tók samþykktin gildi?	05.07.2016
Hefur sveitarfélagið sett sér svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs?	Nei
Hvers vegna ekki?	Hefur ekki verið til á Vestfjörðum en vinna er hafin að henni fyrir Vestfirði.
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar ?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	13.01.2022
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um stuðningsjónustu?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	01.01.2022
Hefur sveitarfélagið sett sér skólafestun ?	Já
Hvenær tók stefnan gildi?	31.05.2018
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um sérstakan húsnæðisstuðning?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	13.01.2022
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um úthlutun félagslegs húsnæðis?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	09.03.2017
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í gróðaskyni ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Styrkur er veittur á grundvelli laga.
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum ?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	01.03.2023
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar og af útihúsum í sveitum ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Hefur ekki komið til

LÖGBUNDNAR NEFNDIR

Eru eftirfarandi lögbundnar nefndir starfandi í sveitarfélaginu? Ef, ekki, hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?

Almannavarnarnefnd	Já
Félagsmálanefnd	Já
Jafnréttisnefnd	Já
Kjörstjórn	Já
Náttúruverndarnefnd	Já
Nefnd um málefni leikskóla	Já
Notendaráð vegna félagsþjónustu sveitarfélagsins	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	
Hefur ekki verið samþykkt ennþá. Verður gert í framhaldi af vinnu við að fela Ísafjarðarbæ að vera leiðandi sveitarfélag í málefnu fatlaðra og barnaverndar sem er á lokametrunum.	
Skipulagsnefnd	Já
Skólanefnd	Já
Stjórn almenningsbókasafns	Já
Ungmennaráð	Já
Öldungaráð	Já

Sameiningarkostir

TÆKIFÆRI TIL SAMEININGAR VIÐ ANNAÐ/ÖNNUR SVEITARFÉLÖG

Hvaða sameiningarkostir koma helst til greina?

Gerð var valkostagreining á vegum KPMG. Í þeirri greiningu kom í ljós að hagstæðast að teknum nokkrum greiningum væri að Reykhólahreppur, Strandabyggð, Dalabyggð og annað hvort Stykkishólmsbær eða Húnaþing Vestra myndu sameinast. Ekki væri nægilegt að þessi fyrstu þrjú sameinuðust í því fælist lítill hagur, sveitarfélögin væru enn fámenn og líffræðileg samsetning ekki góð. Umræður um sameinaða Vestfirði hefur einnig borið á góma. Nýjar reglur Jöfnunarsjóðs grafa undan Reykhólahreppi og þeirri

Hvaða tækifæri mun fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs hafa í för með sér fyrir sveitarfélagið vegna þeirra sameiningakosti sem koma til greina?

vinnu sem lagt var í, þar sem stór hluti greiningarinnar kom að fjárhagslegum stykleika sveitarfélaga. Fjárhagslegur stuðningur er góður fyrir þau sveitarfélög sem eru skuldsett og í slæmri stöðu gagnvart sameiningum þess vegna. Fjárhagslegi stuðningurinn sem hvert sveitarfélag hlýtur er einkisfjármagn og nýtist við að sameina stjórnsýslu í nýtt sveitarfélag.

Hvaða áskoranir hafa þessir sameiningarkostir í för með sér? Helsta áskorunin felst í því að stofna til nógu burðugs sveitarfélags sem hafi einhvern slagkraft og fjölbreytta uppbyggingu.

Hefur sveitarfélagið áður verið í viðræðum við annað/önnur sveitarfélög um hugsanlega sameiningu eða eru slíkar viðræður í bígerð?

Sveitarfélagi vann svæðisskipulag með Dalabyggð og Strandabyggð og var litið á þá vinnu sem upphaf þess að horfa á þessi sveitarfélög saman. Í valkostagreiningu kom í ljós að þau eru ekki nógu sterk það þarf meira til. Sveitarfélagið hóf samtalið við Strandabyggð síðasta vor en þær hafa legið í dvala.

Hvaða stjórnskipulag gæti komið til greina við myndun nýs sveitarfélags, t.a.m. fjölgun í sveitarstjórn eða aukið vald til nefnda sem færu með málefni afmarkaðra svæða (heimastjórnir)? Litið er til Múlaþings í þeim efnum.

Hvaða lýðfræðilegu veikleikar/styrkleikar myndu felast í þeim sameiningarkostum? Veljið viðkomandi sveitarfélag og helsta sameiningarkost/í í flettistikunni.

Hvaða tækifæri hafa þessir sameiningarkostir í för með sér í tengslum við uppbyggingu þjónustu, fjölbreyttari atvinnutækifæri, aukinn félagsauð, öflugri stjórnsýslu og aðra mikilvæga þætti í starfsemi sveitarfélagsins?

Séu litið til sameiningar Reykhólahrepps með Dalabyggð og Strandabyggð, ásamt Árneshreppi og Kaldrananeshreppi þá kemur í ljós líffræðilegur veikleiki. Sveitarfélögin koma verst út hvað varðar stöðu í landbúnaði. Sveitarfélögin erum mjög víðfeðm með fáa íbúa. Ekki færst sá styrkleiki sem ætlunin er að fá út úr sameiningum.

Hefur sameining við annað eða önnur sveitarfélög í för með sér tækifæri til hagræðingar? Ef svo er, á hvaða sviðum og hversu mikla?

Tækifærin felast í mannauði. Með sameiningu er hægt að efla stjórnsýsluna og ráða sérfræðinga í þau störf sem liggja á sveitarstjórn þessarra litlu samfélaga. Mannauðsstjórnun kemur þar sterk inn. Við viljum huga vel að starfsfólki okkar og veita þeim þann stuðning sem það þarf. Skólaskrifstofa gæti verið annað sem styrkt gæti sveitarfélögin. Fjármagn til viðhalds fasteigna er mikilvægt.

Hvaða tækifæri til umbóta innan sveitarfélagsins gæti sú hagræðing haft í för með sér?

Það er mikilvægt málefni að halda vel utan um starfsfólk sveitarfélaga. Sú þróun hefur verið hröð á síðustu árum og mannauðsstjórnar eru komnir til starfa víða.

Samstarf skóla og leikskóla myndi efla starfsemina.

Það er margvíslegt væri hægt að leggja betur áherslu á, en það er líka margvíslegt sem við erum megnug að gera þrátt fyrir að vera lítil.